

**Tillaga vegna uppbyggingar framtíðarskólahúsnæðis á Eyrarbakka:**

Undirrituð leggja til að sett verði strax á laggirnar byggingarnefnd vegna uppbyggingar á framtíðarskólahúsnæði á Eyrarbakka. Nefndina skipi m.a. fulltrúar bæjaryfirvalda í Svf. Árborg, sérfræðingar af mannvirkja- og umhverfissviði ásamt sérfræðingum af fjölskyldusviði Árborgar, fulltrúar skólayfirvalda í BES, fulltrúar starfsfólks skólans ásamt fulltrúum foreldra nemenda við skólann.

**Rökstuðningur:**

Eins og kunnugt er var staðfest að mygla væri í kennsluhúsnæði Barnaskólans á Eyrarbakka í lok janúar sl. Nú er unnið að því að koma upp færanlegu kennsluhúsnæði á staðnum en nauðsynlegt er að hefja strax undirbúning að uppbyggingu framtíðarhúsnæðis fyrir starfsemi Barnaskólans á Eyrarbakka. Til þess að tryggja vandaðan og lýðræðislegan undirbúning er afar mikilvægt að hefjast handa sem allra fyrst þar sem slíkur undirbúningur getur tekið drjúgan tíma.

Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi S-lista

Arnar Freyr Ólafsson bæjarfulltrúi B-lista

Álfheiður Eymarsdóttir bæjarfulltrúi Á-lista